

ERINDISBRÉF

Neyðarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar

Ábyrgðarmaður:

Bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar

Hlutverk starfshóps:

Frumskylda Hafnarfjarðarkaupstaðar er að stuðla að öryggi og velferð borgaranna. Neyðarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana þegar neyðarástand skapast til að forgangsraða lögbundinni þjónustu, samfélagslega mikilvægri starfsemi, tryggja almanniheill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða. Neyðarástand getur skapast þegar öryggi og innviðum samfélagsins er ógnað, svo sem vegna náttúruvár, þegar umhverfi og heilsu er ógnað, og þegar tæknivá eða annars konar hættuástand skapast.

Á neyðarstigi er nauðsynlegt að forgangsraða verkefnum og verja grunnstoðir í þjónustu sveitarfélagsins til að halda uppi nauðsynlegustu starfsemi. Bæjarstjóri fer ásamt bæjarráði með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Fagsvið, skrifstofur og fyrirtæki sveitarfélagsins bera hvert í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Á neyðarstigi viðbragðsáætlana er neyðarstjórn sveitarfélagsins virkjuð. Að öðru leyti helst stjórnskipulag sveitarfélagsins óbreytt og ber hver stjórnandi ábyrgð á sínum starfsvettvangi/sinni starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi. Neyðarstjórn getur þó á hverjum tíma gripið inn í hefðbundið skipulag og gert sértækar ráðstafanir. Bæjarráð veitir nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta og er á neyðarstigi í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar.

Neyðarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar starfar samkvæmt viðbragðsáætlun sveitarfélagsins.

Starfsmaður hópsins ber ábyrgð á fundarboðun, undirbúningi funda, fundarritun og úrvinnslu í samráði við bæjarstjóra.

Neyðarstjórn skipa:

- Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri
- Sigríður Kristinsdóttir, sviðsstjóri stjórnarsýslusviðs
- Fanney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu
- Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu
- Rósa Steingrimsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs
- Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu
- Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri

Varamenn:

- Guðríður Guðmundsdóttir, lögfræðingur hjá fjölskylduþjónustu
- Haraldur Eggertsson, verkefnastjóri á stjórnarsýslusviði
- Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar
- Guðrún Þorsteinsdóttir, mannauðsstjóri



HAFNARFJÖRÐUR

Starfsmaður:

- Árdís Ármannsdóttir, samskiptastjóri

Helstu samstarfsaðilar

Unnið er með aðgerðarstjórn höfuðborgarsvæðisins, öðrum neyðarstjórnnum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, ásamt öðrum stofnunum sem eiga við innan og utan sveitarfélags.

Starfstímabil:

Neyðarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar starfi á kjörtímabilinu 2018-2022.

Hafnarfirði, 19. nóvember 2018

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri